

Kirkjuþing 2020-2021.

19. mál-þskj. 75

Breytingartillaga
við starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og löggjafarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „val og veitingu prestsembættis“ í heiti starfsreglnanna kemur:
ráðningu í prestsstörf og starfslok.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. orðast svo:

Ef prestar eru ráðnir tímabundið skal tekið fram í ráðningarsamningi að segja
megi slíkum samningi upp af hálfu hvors aðila um sig áður en ráðning fellur sjálfkrafa
úr gildi við lok samningstíma.

3. gr.

1. málslíður 5. mgr. 3. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Áður en biskup sendir umsóknir til meðferðar matsnefndar skal hann gæta
þess að umsækjandi uppfylli skilyrði til ráðningar eða kjörs samkvæmt 38. gr. laga nr.
78/1997, þar með talið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum um
þjálfun prestsefna nr. 788/2002, með síðari breytingum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

Stafliðir a og b falla brott.

Stafliður c. verður stafliður a.

Stafliður d orðast svo: d. Í stað orðsins „kirkjumálasjóði“ í 19. mgr. kemur:
Þjóðkirkjan-Biskupsstofu.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna:

Stafliður c fellur brott.

Stafliður d verður stafliður c og orðast svo:

Í stað orðsins „kirkjumálasjóði“ í 19. mgr. kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofa.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna:

Stafliðir a og b falla brott.

Stafliður c orðast svo:

Í stað orðsins „embættinu“ í 11. mgr. kemur: starfinu.

Stafliður d orðast svo:

Í stað orðsins „kirkjumálasjóði“ í 19. mgr. kemur: Þjóðkirkjan-Biskupsstofu.

7. gr.

Stafliður b í 8. gr. tillögunnar fellur brott.

8. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 10. gr. starfsreglnanna kemur: ræður.

9. gr.

Í stað orðanna „skipar í embætti“ í 11. gr. starfsreglnanna kemur: ræður í starf.

10. gr.

Í stað orðanna „skipa ekki í embættið“ í 1. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: ráða ekki í starfið“.

11. gr.

1. mgr. 13. starfsreglnanna orðast svo:

Atkvæðisbær sóknarbörn teljast þau sem skráð eru í Þjóðkirkjuna í prestakalli samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingar á opnum vef þjóðkirkjunnar um laust starf sóknarprests eða prests í prestakalli.

12. gr.

Ný 22. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Starfslok.

Uppsögn ráðningarsamnings skal birta með sannanlegum hætti. Talin er nægileg birting að senda uppsögn á opinbert netfang biskupsstofu og netfang prests hjá kirkjunni.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir að lágmarki. Prestur getur ávallt sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Ráðning prests, sem ráðinn er tímabundið, fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar. Heimilt er að segja upp presti á tímabundinni ráðningu skv. uppsagnarákvæði í viðkomandi ráðningarsamningi. Uppsagnarfrestur er einn mánuður þegar um tímabundna ráðningu er að ræða.

Fastráðning presta fellur úr gildi, án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð.